

	Staðfest:	172
154. Eiðapinghár, Suður-Múlasýslu .....	21. okt. 1957.	24. okt.
155. Grafningshrepps, Árnessýslu .....	21. — 1957.	
156. Grýtubakkahrepps, Suður-Þingeyjarsýslu .....	21. — 1957.	
157. Hálsahrepps, Suður-Þingeyjarsýslu .....	21. — 1957.	
158. Hofshrepps, Austur-Skaftafellssýslu .....	21. — 1957.	
159. Hrafnagilshrepps, Eyjafjarðarsýslu .....	21. — 1957.	
160. Hvammshrepps, Vestur-Skaftafellssýslu .....	21. — 1057.	
161. Laxdæla, Dalasýslu .....	21. — 1957.	
162. Raufarhafnarhrepps, Norður-Þingeyjarsýslu .....	21. — 1957.	

*Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## AUGLÝSING

173

24. okt.

um staðfestingu á samþykktum héraðssamlaga.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind héraðssamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 23 14. febrúar 1957:

	Staðfest:
15. Í Borgarfjarðarsýslu .....	11. okt. 1957.
16. Í Mýrasýslu .....	11. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Mikla Norræna Ritsímafélagsins útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. 25. okt. október 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Mikla Norræna Ritsímafélagsins.

1. gr.

Styrktarsjóður Mikla Norræna Ritsímafélagsins er stofnaður með gjafabréfi, sem póst- og símamálastjóra var afhent af Mikla Norræna Ritsímafélagsinu í til-efni af 50 ára afmæli landssímans 29. september 1956. Höfuðstóll sjóðsins er ísl. kr. 150 000.00 eða tilsvarendi upphæð í dönskum gjaldeyri.